
Flutningur á starfsemi Efnarásar ehf. á athafnasvæðið í Gufunesi, Reykjavík Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 11. apríl 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Efnarás ehf. um fyrirhugaðan flutning á starfsemi fyrirtækisins á athafnasvæðið í Gufunesi, Reykjavík, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. tölulíði 11.15 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Flutningur á starfsemi Efnarásar ehf. á athafnasvæðið í Gufunesi í Reykjavík. Móttaka spilliefna, raf- og rafeindatækja. Matsskyldufyrirspurn, apríl 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjavíkurborg með bréfi dags. 8. júní 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 2. maí 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 11. maí 2018.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að verið sé að færa starfsemi Efnarásar ehf. sem felist í móttöku, flokkun og þökkun spilliefna úr starfstöð fyrirtækisins að Klettagörðum 9, Reykjavík, í aðstöðu Efnamóttökunnar í Gufunesi sem hefur lagt niður starfsemi sína á svæðinu. Efnarás er með starfsleyfi fyrir móttöku, flokkun og þökkun spilliefna og annarra úrgangsefna sem þurfa sérstaka meðhöndlun og forvinnslu fyrir endurvinnslu eða förgun og hefur heimild í dag fyrir móttöku á 1000 tonnum af spilliefnum en hyggst sækja um leyfi fyrir allt að 1200 tonn af spilliefnum, auk 4000 tonna að raf- og rafeindatækjaúrgangi. Allt efni sem komi inn á svæðið sé vigtað og skráð í bókhaldskerfi, flokkað og pakkað og sent áfram til endurvinnslu, urðunar eða eyðingar í sama magni. Spilliefni verði geymd í lokuðum ílátum til að koma í veg fyrir uppgufun og leitast sé við að halda magni spilliefna á svæðinu í lágmarki.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að ekki sé þörf á nýjum mannvirkjum og ekki þurfi að ráðast í framkvæmdir sem feli í sér rask þar sem allir nauðsynlegir innviðir séu til staðar. Efnamóttakan hafi áður verið með sambærilega starfsemi á svæðinu til ársins 2015 og mannvirki hönnuð fyrir spilliefnageymslu. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að öll spilliefni verði flokkuð og meðhöndluð innandyra og fari meðhöndlunin fram á bundnu yfirborði. Við spilliefnahúsið sé 1 m³ lokuð þró til að taka við leka á gólfi innanhúss og og sé dælt reglulega úr henni.



Á athafnasvæðinu í Gufunesi muni verða, auk fyrrnefndrar byggingar Efnamóttökunnar starfsmannaaðstaða og skrifstofuhúsnæði sem og vöruskýli sem muni nýtast við móttöku, flokkun og geymslu spilliefna. Flokkuð spilliefni verði einnig geymd í gámum utandyra en þar verður um að ræða rafmagnstæki og annan úrgang sem er ekki viðkvæmur fyrir geymslu utandyra auk útflutnings- og geymslugáma. Útisvæðið er lagt bundnu yfirborðslagi, steypu og malbikað. Fráveita/afrennsli frá spilliefnasvæðinu utandyra rennur í um 8 m³, lokaðar þrær en það kerfi er sérstaklega hannað með móttöku spilliefna í huga. Þvottaplan er á svæðinu og allt afrennsli þaðan fer í gegnum olíugildru með sambyggðu sandfangi.

Fram kemur að sýnatökur úr og efnamælingar á afrennsli verði í samræmi við kröfur Umhverfisstofnunar í starfsleyfi. Þá verði til staðar búnaður og ídræg efni til hreinsunar á spilliefnum verði slys á athafnasvæðinu. Svæðið sé girt af með öryggisgirðingu.

4 UMHVERFISÁHRIF

Áhrif á vatn, jarðveg, lífríki og loftgæði

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að möguleg mengun jarðvegs, lofts og vatns sé til staðar ef leki verði úr ílátum eða umbúðum með spilliefnum og þá geti lífríki í nágrenni svæðisins orðið fyrir neikvæðum áhrifum. Til þess að sporna við þessari hættu sé allt frárennsli í lokuðu kerfi innan athafnasvæðisins og safnað í söfnunarþrær. Söfnunarþrærnar séu losaðar reglulega og tryggt að ávallt sé nægt rými ef mengunaróhapp á sér stað.

Fram kemur að samkvæmt athugun á lífríki á sjávarbotni út af Gufunesi sé tegundasamsetning svipuð og annars staðar við Reykjavík og nágrenni. Botnsamfélögin eru ekki talin hafa mikið verndargildi, en tvö mikilvæg fuglasvæði eru í nálægð við Gufunes annars vegar í Elliðavogi og hins vegar við Blikastaðakró þar sem æðarfugl er langalgengasti fuglinn. Vegna þeirrar umgjarðar sem er um starfsemina og þeir varúðarráðstafanir sem eru til staðar er líkur á að mengun komist út í umhverfið og hafi þannig áhrif á vatn, jarðveg, loft eða lífríki eru taldar óverulegar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar er bent á að núverandi aðstaða henti vel fyrir starfsemina og ekki sé talin ástæða að framkvæmdin þurfi að gangast undir mat á umhverfisáhrifum. Hins vegar er gert ráð fyrir í aðalskipulagi að iðnaðarstarfsemi sé víkjandi landnotkun á svæðinu og ljóst að starfsemin þurfi að víkja þegar breytingar verða á landnotkun á svæðinu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að að frá fyrirtækinu stafi helst mengunarhætta ef leki kæmi að umbúðum eða ílátum er innihaldi spilliefni. Því leggur Umhverfisstofnun áherslu á að notast verði við viðurkenndar spilliefnaumbúðir fyrir geymslu spilliefna, einnig þeirra efna sem geymd verða í gámum á svæðinu.

Auk þess undirstriki stofnunin að öll meðhöndlun spilliefna þurfi að fara fram þar sem frárennsli er í söfnunarþró. Að öðru leyti segir Umhverfisstofnun að framkvæmdin sé ekki líkleg að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, en ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu. Í aðalskipulaginu er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði, en sú landnotkun er víkjandi þar sem mótuð hefur verið stefna á vegum Reykjavíkurborgar að á svæðinu verði blönduð starfsemi og íbúðarbyggð. Óvissa er því hversu lengi iðnaðarstarfsemi fái leyfi til að vera á svæðinu.



Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð um starfsleyfi um meðhöndlun úrgangs.

Í umsögn Reykjavíkurborgar er lagt til að starfsleyfi verði takmarkað við tvö ár í senn og leyfið þá endurskoðað með tilliti til stöðu skipulagsmála á svæðinu.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Efnarás sé með leigusamning við Sorpu til 6 mánaða í senn og muni starfsemin flytjast annað þegar breyting verði á landnotkun svæðisins. Framkvæmdaraðili gerir ekki athugasemd við að tímamörk verði að hámarki 2 ár í senn við útgáfu starfsleyfis.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða flutning á starfsemi Efnarásar sem sérhæfir sig í spilliefna- og úrgangsmóttöku í nýja starfstöð í Gufunesi, Reykjavík. Hin nýja aðstaða var upphaflega hönnuð fyrir slíka starfsemi og uppfyllir nú þegar öll þau skilyrði sem gerð er fyrir spilliefnamóttöku. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 11.15 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli, staðsetning og eiginleikar áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar, s.s. stærð og umfangi, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndun, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig staðsetningu hennar svo sem landnotkun sem fyrir er eða er fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Eiginleika áhrifa framkvæmdar ber að skoða einkum með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum, afturkræfni sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ekki er um umfangsmikla starfsemi að ræða með hliðsjón af annarri iðnaðarstarfsemi í Gufunesi. Um er að ræða flutning Efnarásar frá fyrri starfstöð og í húsnæði sem nú þegar uppfyllir allar mengunarvarnarkröfur fyrir spilliefnamóttöku. Skipulagsstofnun tekur því undir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem telur húsnæðið henta vel undir starfsemi Efnarásar og í sama streng tekur Umhverfisstofnun.

Starfsemi Efnarásar í Gufunesi er ekki líkleg til að hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif þar sem starfsemin fer fram í lokuðu umhverfi sem er hannað fyrir spilliefnamóttöku og þar sem allar varúðarráðstafanir hafa þegar verið gerðar sem tryggja eiga að mengun berist ekki í jarðveg, vatn eða loft, þó að óhapp yrði s.s. leki úr ílátum eða umbúðum sem innihalda spilliefni.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þá er iðnarstarfsemi víkjandi landnotkun í Gufunesi og ljóst að starfsemin muni víkja í nánustu framtíð þegar breytingar verða á landnotkun svæðisins. Nýting þeirra sérhæfðu mannvirkja sem fyrir eru á svæðinu, þar til framtíðarsvæði finnst fyrir viðkomandi spilliefnamóttöku er í samræmi við núverandi landnotkun og hefur ekki áhrif eða leiðir til sammögnunaráhrifa með annarri iðnaðarstarfsemi í Gufunesi með tilliti til eðli framkvæmdar, s.s. stærð og umfangi, úrgangsmýndunar, mengunar og ónæðis.

Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er 24. júlí 2018.

Reykjavík, 21. júní 2018

Jakob Gunnarsson

Ómar Ingþórsson